

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar er taki gildi 1. júlí 1999.

Gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar nr. 58 frá 29. janúar 1998 breytist þannig:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækka um 3% frá og með 1. júlí 1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. júní 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir rafmagn.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku, er taki gildi 1. júlí 1999:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku nr. 552, 28. desember 1993 með áorðnum breytingum:

Liðirnir C.2 daghitun, húshitun rofin og C.3 næturhitun, húshitun, hækka um 3% frá og með 1. júlí 1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. júní 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.